



Félag náms- og starfsráðgjafa  
Kennarahúsinu v/ Laufásveg  
101 Reykjavík

Menntamálanefnd, Sigurður Kári Kristjánsson formaður.  
Björgvin G. Sigurðsson,  
Dagný Jónsdóttir,  
Einar Már Sigurðarson,  
Hjálmar Árnason,  
Kjartan Ólafsson,  
Kolbrún Halldórsdóttir,  
Mörður Árnason,  
Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Í samþingri  
ErinErindi nr. P 132/21  
komudagur 29. 05. 2006

Reykjavík 29. maí 2006

**Viðbætur við umsögn um þingskjal 14-14. mál á 132. löggjafarþingi 2005-2006**

**Þingsályktunartillaga um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum.**

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) sendi í haust (16. nóvember 2005) umsögn til menntamálanefndar vegna þingsályktunartillögu um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum.

Félagið fagnaði mjög þessari þingsályktunartillögu þar eð hún lagði áherslu á að efla náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum til þess meðal annars að stuðla að farsælu náms- og starfsvali auk þess að nýta sem úrræði gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum.

Félag náms- og starfsráðgjafa óskar eftir að koma eftirfarandi mikilvægum atriðum á framfæri við menntamálanefnd:



Á margan hátt stendur náms- og starfsráðgjöf á Íslandi á tímamótum. Umræðan um brottvarf frá námi, aukin sveigjanleika í námi og sí- og endurmenntun fullorðinna hefur verið mikil í vetur og náms- og starfsráðgjöf nefnd í sömu andrá. Fagmenntun náms- og starfsráðgjafa er komin á meistarastig sem leiðir af sér íslenskar rannsóknir og eflingu fagsins og fagstéttarinnar. Í umsögn FNS um þingsályktunartillögu um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum voru færð rök fyrir því að náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðsla hafi forvarnargildi sbr. rannsóknir Guðbjargar Vilhjálmsdóttur. Mikil umræða og þróun á sviði náms- og starfsráðgjafar er að eiga sér stað á alþjóðavísu sbr. skýrslur OECD og mikilvægt að Íslendingar fylgist með og taki þátt í þeirri sameiginlegri þróun í náms- og starfsráðgjöf. Með afgreiðslu menntamálanefndar á þingsályktunartillögunni til hæstvirts Alþingis væri verið að taka mikilvægt skref til eflingar náms- og starfsráðgjafar á Íslandi.

Í vetur gerði Menntamálaráðuneytið og Kennarasamband Íslands með sér tíu punkta samkomulag um að vinna samhent að betra skólakerfi með heildarendurskoðun á námi og breyttri námsskipan skólastiganna. FNS vísar í sjöunda punkt samkomulagsins en þar segir meðal annars að náms- og starfsráðgjöf verði styrkt og stuðlað verði að því áfram að dragi úr brottfalli úr framhaldsskólum. FNS hvetur nefndarmenn menntamálanefndar eindregið til að afgreiða umrædda þingsályktunartillögu nr. 14 úr nefnd til hæstvirts Alþingis nú á sumarþingi 2006. FNS telur að ef Alþingi samþykkir þingsályktunartillögu um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum verði hægt að vinna að styrkingu náms- og starfsráðgjafar á Íslandi, nemendum og skólasterfi til heilla.

Félag náms- og starfsráðgjafa er reiðubúið að koma á fund menntamálanefndar, á meðan á sumarþingi stendur, til að ræða þetta mál ef að það yrði til að upplýsa nefndarmenn frekar og stuðla að afgreiðslu málsins til hæstvirts Alþingis.

Virðingarfyllst,

Ágústa E. Inghórsdóttir, formaður

Jónína Kárdal, náms- og starfsráðgjafi

Félag náms- og starfsráðgjafa